Nd. **307. Lög**

um rafmagnsdeild við vélstjóraskólann í Reykjavík.

(Afgreidd frá Nd. 18. marz).

1. gr.

Við vélstjóraskólann í Reykjavik skal vera sérstök rafmagnsdeild í tveim ársdeildum.

Er próf tekið að loknu námi í hvorri ársdeild fyrir sig, og nefnast þau árspróf og burtfararpróf.

Stjórnarráðið ræður kennara í samráði við skólastjóra, og greiðast laun þeirra úr ríkissjóði.

2. gr.

Við árspróf skal gera þessar kröfur:

1. Í stærðfræði: Kunnátta í almennum talna- og bókstafareikningi, flatar- og rúmmálsfræði.
2. Í eðlisfræði: Kunnátta í aflfræði, hljóðfræði, ljósfræði, hitafræði og rafmagns- og segulfræði.
3. Í vélfræði: Að þekkja frumatriði vélfræðinnar, almenna vélahluti, einkanlega með tilliti til rafmagnsvéla; svo og ýmsar algengar aflvélar.
4. Í teikningu: Að geta gert uppdrætti af einföldum vélahlutum eftir ákveðnum mælikvarða.
5. Í íslenzku: að geta gert íslenzkan stil um almennt efni skýrt og villulítið.
6. Í dönsku: Að geta lesið og þýtt létt mál.

3. gr.

Við burtfararpróf skal gera þessar kröfur:

Í rafmagnsfræði: Þekking á undirstöðuatriðum rafmagnsfræðinnar og einföldum rafmagnsmælingum, á rafmagnshlöðum og allskonar rafmagnsvélum og rafmagnstækjum, gerð þeirra, uppsetning og gæzlu; ennfremur kunnátta í lagningu allskonar rafmagnstækja. Prófsveinar skulu geta fundið orsakir algengra bilana á tækjum þessum og lögnum; þeir skulu geta áttað sig á tengimyndum. Auk þess skulu þeir kunna að deyfa útvarpstruflanir rafmagnstækja og véla. Þeir skulu þekkja lög og reglugerðir um allt, er að þessu lýtur; ennfremur skulu þeir vita um lífshættu þá, er getur stafað frá rafmagni, og kunna að gera einfaldar lífgunartilraunir.

Auk þess er krafizt í öðrum greinum þess, sem nauðsynlegt er til fulls skilnings á rafmagnsfræðinni.

4. gr.

Árspróf er skriflegt og munnlegt, en burtfararpróf er auk þess verklegt. Prófin skulu haldin af prófnefnd, sem er skipuð forstjóra vélstjóraskólans og tveim prófdómendum, er fræðslumálastjórnin skipar; skulu þeir báðir hafa próf frá að minnsta kosti jafngildum skóla og þessi er.

Prófdómendur velja prófverkefni, en kennari í hverri grein heldur hið munnlega og hið verklega próf.

Kennarar dæma um kunnáttu nemenda, hver í sinni grein, ásamt prófdómendum.

5. gr.

Sá einn má ganga undir árspróf, sem:

1. hefir unnið við rafmagnslagnir og rafmagnsvélar í 3 ár eftir 15 ára aldur hjá þeim rafmagnsmeisturum, sem stjórnarráðið tekur gilda;
2. sýnir vottorð frá iðnmeistara sinum um kunnáttu, dugnað og reglusemi;
3. hefir stundað nám í skólanum einn vetur.

6. gr.

Sá einn má ganga undir burtfararpróf, sem hefir setið i báðum ársdeildum.

7. gr.

Undanþágu frá 3. lið 5. gr. og frá 6. gr. má þó veita þeim, sem getur fært sönnur á, að hann hafi hlotið nægilega þekkingu og þroska til þess að geta gengið undir prófið, enda sendist umsókn hans um það til forstjóra vélstjóraskólans mánuði áður en próf hefst. Skulu umsókninni fylgja, auk áðurnefndra vottorða, skírnarvottorð umsækjanda og vottorð frá þeim, er hafa kennt honum.

8. gr.

Stjórnarráðið setur i reglugerð ákvæði um inntökuskilyrði, fyrirkomulag kennslunnar, próf o. fl.

9. gr.

Sá einn má setjast i eldri deild, sem hefir staðizt árspróf eða vélstjórapróf.

10. gr.

Þeim, sem hefir náð burtfararprófi, skal veitt skírteini um það. Skírteini eru tvennskonar: annað fyrir þá, sem hafa unnið 3 ár hjá rafmagnsmeistara og síðan stundað nám i báðum ársdeildum; hitt er fyrir þá, sem hafa tekið vélstjórapróf og aðeins setið i eldri deild. Í skírteininu skal telja þær kennslugreinar, sem nemandinn hefir verið reyndur i, og tilgreina einkunn hans, og jafnframt bæði hina lægstu einkunn, er krafizt er til að standast prófið, og þá hæstu, sem unnt er að ná. Skírteinið skal undirritað af forstjóra vélstjóraskóians og hinum skipuðu prófdómendum.